

**Mál nr. 4/2012**  
**Þróttur Vogum**  
**gegn**  
**Hvíta Riddaranum**

**Kæra frá Þrótti V.**

**Dómkröfur:**

Þróttur Vogum sé dæmdur sigur.

**Málavextir:**

10. ágúst, leikur Hvíti Riddarinn-Þróttur Vogum í 3. deild karla C-riðli.

Ólafur Karlsson var úrskurðaður í leikbann 31/7, bannið tók gildi 3/8 og því var Ólafur í leikbanni á móti Þrótti Vogum þann 10/8.

**Tilvísun:**

40.1.

**Röksemdir:**

Ég vísa í grein 40.1. máli okkar til stuðnings.

**Sönnunargögn:**

Leikskýrslan frá leiknum.

**Vitni:**

Nafn: Jón Aðalsteinn Kristjánsson

Kennitala: 2911773019

Heimilisfang: Breiðvangi 10

Nafn: Oscar Gunnar Burns

Kennitala: 2801806379

Heimilisfang: Lyngdal 3

Undirskrift:

**Marteinn Ægisson**

**Greinargerð frá Hvíta Riddaranum:**

Hvíti Riddarinn skilaði ekki inn greinargerð

## Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2012, þriðjudaginn 21. ágúst, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímanssoni, Gunnari Guðmundssyni og Sigurði I Halldórssyni.

### Fyrir er tekið málið nr. 4/2012:

Próttur Vogum  
gegn  
Hvíta riddaranum

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR:

I.

#### Kærandi:

Próttur Vogum  
Hafnargata  
Vogum  
Fyrirsvarsmaður: Marteinn Ægisson

#### Kærði:

Hvíti riddarinn  
Íþróttamiðstöðinni Varmá  
Mosfellsbæ  
Fyrirsvar: afturelding@internet.is

Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ 13. ágúst sl. Kærða var gefinn frestur til að skila inn greinargerð í málinu til hádegis 20. ágúst 2012. Engin greinargerð barst frá kærða.

#### Kröfur:

Kærandi krefst þess að Próttur Vogum verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna í Íslandsmóti – 3. deild karla C riðli, sem fram fór 10. ágúst kl. 19:00 á Varmárvelli. Úrslit leiksins voru 6-2 fyrir heimalið.

II.

#### Málsatvik og ágreiningsefni:

Málavextir eru þeir að í leik liðanna í Íslandsmóti – 3. deild karla C riðli, sem fram fór 10. ágúst kl. 19:00 á Varmárvelli, telfdi kærði fram leikmanninum Ólafi Karlssyni sem var úrskurðaður í 1 leikja bann af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ 31. júlí s.l. með liði sínu Hvíta riddaranum. Leikbannið tók gildi á hádegi 3. ágúst s.l. Fyrsti leikur liðsins eftir úrskurðinn var umræddur leikur. Kærandi vísar til þess að kærði hafi notað leikmann í leikbanni og er þess krafist að kæranda verði dæmdur 0-3 sigur í leiknum með vísan til 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

### III.

#### **Niðurstaða:**

Í máli þessu liggur fyrir að umræddur leikmaður var úrskurðaður í leikbann af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ 31. júlí s.l. eins og fram kemur í kæru og að umræddur leikmaður lék með liði kærða í leik liðanna sem kært er út af. . Um lið sem notar leikmann í leikbanni er fjallað í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í gr. 40.1 segir:

*" Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 200.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 30.000."*

Svo sem að framan er rakið er óumdeilt að lið kærða notaði leikmann í leikbanni í hinum umrædda leik og er því krafa kæranda tekin til greina í málinu. Ekki verður hjá því komist að sekta hið kærða félag um kr. 10.000 vegna framangreinds brots.

Samkvæmt framanrituðu telst Þróttur Vogum hafa unnið leikinn 0-3 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

### IV.

#### **Úrskurðarorð:**

Þróttur Vogum telst hafa unnið leik gegn Hvíta riddaranum í Íslandsmóti – 3. deild karla C riðli sem fram fór 10. ágúst kl. 19:00 á Varmárvelli með markatölunni 0-3.

Hvíta riddaranum ber að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

Halldór Frímansson

Gunnari Guðmundssyni

Sigurður Halldórsson

#### **Um Áfrýjun:**

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ er 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.